



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um inntöku frá 12 mánaða í nokkra leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. nóvember 2020 var lögð fram eftirfarandi tillaga skóla- og frístundaráðs:

Skóla- og frístundaráð leggur til að sett verði á fót þróunarverkefni um inntöku ungbarna í leikskóla borgarinnar. Verkefnið felst í að veita þeim leikskólum heimild sem annars vegar hafa laus leikskólarými og hins vegar hafa boðið öllum eldri börnum rými sem eru með umsókn í viðkomandi leikskóla, heimild til að innrita börn allt niður í 12 mánaða gömul. Miðað er við að þeir leikskólar sem taka þátt í verkefninu starfræki nú að lágmarki eina ungbarnadeild. Leikskólarnir skulu leggja sig fram um að þróa starf sitt með svo ungum börnum með hliðsjón af nýjustu rannsóknum um velferð, nám og getu barna frá 12 mánaða aldri. Huga þarf vel að þörfum barnanna varðandi leik- og hvíldarrými, deildar- og útiaðstöðu ásamt dagskipulagi og leikefni. Aldursröð barna skal eftir sem áður ráða þegar kemur að inntöku barna í viðkomandi leikskóla, þau elstu fyrst. Markmið verkefnisins verði að fjölga börnum frá 12 mánaða aldri í leikskólum borgarinnar og mæta þörfum þeirra með námi sem taki mið af þroska þeirra og aldri, leik- og hvíldarrými, deildar- og útiaðstöðu við hæfi, dagskipulag og leikefni. Í fyrsta áfanga taki eftirtaldir leikskólar þátt í verkefninu: Dalskóli í Úlfarsárdal, Nes/Bakki í Staðahverfi og Blásalir í Seláshverfi. Lagt er til að verkefnið verði metið árlega og endurskoðað að þremur árum liðnum.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Eitt stærsta hagsmunamál foreldra með ung börn er að koma þeim að í þeim frábæru leikskólum sem starfa innan borgarinnar. Um það snýst Brúum bilið aðgerðaáætlunin sem felur í sér að opna 700-750 ný leikskólarými á komandi árum. Þau opna jafnt og þétt eftir því sem nýir leikskólar opna og viðbyggingar rísa en með þróunarverkefni um inntöku yngstu barna er stigið stærsta skrefið til þessa í að opna fyrir inntöku barna allt niður í 12 mánaða aldur í þeim leikskólum sem hafa klárað sína biðlista og eiga enn laus rými. Byrjað verður á Dalskóla, Nes/Bakka í Staðahverfi og Blásölum í Seláshverfi en fleiri leikskólar munu svo fylgja í kjölfarið á allra næstu mánuðum. Markmið verkefnisins verður að fjölga börnum frá 12 mánaða aldri í leikskólum borgarinnar og mæta þörfum

þeirra með námi sem tekur mið af þroska þeirra og aldri auk aðstöðu sem hæfir þessum aldri. Áfram mun aldursröð ráða við inntöku barna á hverjum stað en foreldrar fá nú tækifæri til að sækja um leikskóla á fleiri stöðum en verið hefur. Meirihlutinn leggur áherslu á að einfalda innritunarferlið í leikskóla, gera það gagnsærra og bæta þannig þjónustu við foreldra.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Farið er að síga á seinni hluta kjörtímabilsins og ljóst að áætlanir um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla hafa ekki gengið eftir þrátt fyrir loforð flokkanna fyrir kosningar og ákvæði þar um í meirihlutasáttmálanum. Enn er langt í land að hægt verði að efna loforð í þeim efnum. Það skref sem tekið er í dag hefði þurft að taka miklu fyrir og vera miklu stærra til að geta lækkað inntökualdurinn þannig að öllum börnum í Reykjavík bjóðist leikskólavist frá 12 mánaða aldri. Þá hefði átt miklu fyrir að veita leikskólunum heimild til að nýta laus pláss til að taka inn yngri börn. Vandinn vex með hverjum mánuði eins og staða biðlista gefur til kynna og nauðsynlegt að farið verði í stærra átak í að stytta biðlista eftir leikskóladvöl en til þess að ná því markmiði að öllum börnum 12 mánaða og eldri bjóðist leikskóladvöl þarf að fara í víðtækari aðgerðir en lagðar eru til hér í dag.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Greinargerð

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um þróunarverkefni varðandi inntöku ungbarna í leikskóla

Skóla- og frístundaráð leggur til að sett verði á fót þróunarverkefni um inntöku ungbarna í leikskóla borgarinnar. Verkefnið felst í að veita þeim leikskólum heimild sem annars vegar hafa laus leikskólarými og hins vegar hafa boðið öllum eldri börnum rými sem eru með umsókn í viðkomandi leikskóla, heimild til að innrita börn allt niður í 12 mánaða gömul. Miðað er við að þeir leikskólar sem taka þátt í verkefninu starfræki nú að lágmarki eina ungbarnadeild. Leikskólarnir skulu leggja sig fram um að þróa starf sitt með svo ungum börnum með hliðsjón af nýjustu rannsóknum um velferð, nám og getu barna frá 12 mánaða aldri. Huga þarf vel að þörfum barnanna varðandi leik- og hvíldarrými, deildar- og útiaðstöðu ásamt dagskipulagi og leikefni. Aldursröð barna skal eftir sem áður ráða þegar kemur að inntöku barna í viðkomandi leikskóla, þau elstu fyrst. Markmið verkefnisins verði að fjölga börnum frá 12 mánaða aldri í leikskólum borgarinnar og mæta þörfum þeirra með námi sem taki mið af þroska þeirra og aldri, leik- og hvíldarrými, deildar- og útiaðstöðu við hæfi, dagskipulag og leikefni.

Í fyrsta áfanga taki eftirtaldir leikskólar þátt í verkefninu: Dalskóli í Úlfarsárdal, Nes/Bakki í Staðahverfi, og Blásalir í Seláshverfi. Lagt er til að verkefnið verði metið árlega og endurskoðað að þremur árum liðnum.

Greinargerð

Í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í 3. mgr. í gr. 1.a um innritun:

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í 7. og 8. mgr. í gr. 1.a um innritun:

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir og ungbarnadeildir. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki framur eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafð leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Það er viðtekið að meðalaldur barna á biðlista eftir leikskólagöngu er mismunandi á milli borgarhverfa, tekur stöðugum breytingum og er ekki alltaf fyrirsjáanlegur með löngum fyrirvara. Þetta skapar það ástand að í sumum hverfum borgarinnar komast ekki öll börn inn í þá leikskóla sem foreldrar óska helst eftir, á sama tíma og leikskólar í öðrum hverfum ná ekki að fylla í öll laus pláss.

Undanfarin ár hafa nokkrir leikskólar lent í þessari stöðu og í haust hafa þrír leikskólar í úthverfum í austurhluta borgarinnar glímt við þetta. Þetta eru leikskólarnir:

1. Nes/Bakki í Staðahverfi þar sem nú eru 32 laus pláss en engin börn á virkum biðlista þ.e. börn fædd síðar en í júní 2019.
2. Dalskóli í Úlfarsárdal sem í haust tók í notkun nýtt leikskólahúsnæði og er nú með 30 laus pláss og ekki börn eldri en fædd í júní 2019 á biðlista á móti,
3. Blásalir í Seláshverfi sem eru með um 12 laus pláss umfram þau börn sem eru á virkum biðlista.

Þegar talað er um biðlista eða virkan biðlista í þessu samhengi er átt við að opið er á innritun barna sem fædd eru í júní 2019 og skortur er á börnum á þeim aldri eða eldri á biðlistunum. Þar eru nær eingöngu yngri börn. Í þessum fjórum leikskólum eru því um 74 pláss sem gætu nýst yngri börnum sem fædd eru frá júlí 2019 – nóvember 2019.

Leikskólar sem hafa lent í þessari stöðu þ.e. að hafa tæmt sína biðlista og ekki haft heimild til að fara neðar í aldri hafa í sumum tilfellum staðið frammi fyrir því að þurfa að fækka starfsfólki til að stilla af barna- og starfsmannafjölda. Slíkt skapar mikla og óviðunandi óvissu í rekstri leikskólanna auk þess óeðlilegt er að leikskólarými standi auð á meðan stór hópur foreldra bíður eftir að fá inni fyrir börn sín. Það hlýtur að vera markmið að nýta vel það húsrými og mannafla sem leikskólarnir búa yfir í þágu barna og fjölskyldna í borginni. Engu að síður verður fylgt ákvæðum laga um leikskóla, reglugerðum settum samkvæmt þeim og aðalnámskrá leikskóla. Þá verði í tengslum við verkefnið gerð breyting á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu.

Frá árinu 2017 hafa verið útbúnar 30 ungbarnaeildir í leikskólum borgarinnar en vegna óviðráðanlegra tafa á uppbyggingu leikskólarýma síðustu misseri, samhliða úrbótum á starfsumhverfi leikskóla sem fólu í sér fækkun barna í rýmum, hafa áætlanir um að færa inntökualdur barna niður ekki náð að ganga eftir sem skyldi. Með því að hrinda af stað þróunarverkefni þar sem ákveðnir leikskólar fá að taka inn börn niður í allt að 12 mánaða aldri eftir því sem rými og biðlisti leyfa er stigið skref í þá átt að nýta betur það leikskólahúsnæði sem fyrir er og létta á vanda foreldra við að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Mikilvægt er að áréttta að aldursröð barna mun ráða för við inntöku þeirra í þá leikskóla sem taka þátt í þróunarverkefninu og til að gæta jafnræðis stendur til að vekja athygli foreldra eldri barna á lausum leikskólarýmum, áður en þau verða boðin yngri börnum. Fylgst yrði vel með áhrifum þessa verkefnis á þróun biðlista í leikskóla borgarinnar og aldur barna við upphaf leikskólagöngu. Stefnt er að því að fjölga leikskólum sem taka þátt í þróunarverkefninu og bjóða þann valkost í fleiri borgarhlutum ekki síst í miðborg og vesturhluta borgarinnar. Þar koma til greina valkostir í eldra húsnæði í eigu borgarinnar og mögulega í leiguhúsnæði sem gæti hentað fyrir leikskólastarf, en borgin hefur nýlega ráðist í markaðskonun til að kanna grundvöll fyrir slíku og er niðurstaðna þeirrar konnunar að vænta í byrjun desember.